



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

3. júní 2022

Mál nr. E-4852/2021:
Stefnandi: Menntasjóður námsmanna
(*Stefán A. Svensson lögmaður*)

Stefnda: A
(*Björn Jóhannesson lögmaður*)

Dómari: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júní 2022 í máli nr. E-4852/2021:

Menntasjóður námsmanna

(Stefán A. Svensson lögmaður)

gegn

A

(Björn Jóhannesson lögmaður)

Mál þetta, sem var höfðað með birtingu stefnu 13. september 2021, var dómtekið 10. maí 2022, endurupptekið 3. júní 2022 með vísan til 104. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og dómtekið aftur samdægurs.

Stefnandi er Menntasjóður námsmanna, Borgartúni 21 í Reykjavík.

Stefnda er A, [.....].

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði í fyrsta lagi gert að greiða stefnanda 1.488.513 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 140.133 krónum frá 1. mars 2020 til 24. febrúar 2021, en af 1.488.513 krónum frá 24. febrúar 2021 til greiðsludags. Stefnandi krefst þess í öðru lagi að stefndu verði gert að greiða stefnanda 16.255.688 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 24. febrúar 2021 til greiðsludags. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Endanlegar dómkröfur stefndu eru þær að hún verði sýknuð af kröfum stefnanda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

I

Stefnda gaf út tvö skuldabréf til stefnanda í tengslum við töku námslána, þ.e. 15. júlí 2009 og 7. september 2009. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 24. febrúar 2021 var bú stefndu tekið til gjaldþrotaskipta. Stefnandi lýsti kröfum í þrotabúið á grundvelli fyrrnefndra skuldabréfa. Skiptum á búinu lauk 12. maí 2021 með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur. Um einum mánuði eftir skiptalok ritaði lögmaður stefnanda bréf til stefndu þar sem því var lýst að innheimtu lánanna yrði haldið áfram og var í þeim efnunum vísað til 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna.

Ágreiningslaust er að stefnda hefur ekki greitt umrædda skuld og því hefur stefnandi höfðað mál þetta. Raunar höfðaði hann í upphafi tvö mál gegn stefndu, en þau voru sameinuð 19. janúar 2022 með vísan til a-liðar 1. mgr. 30. gr. laga nr. 91/1991 um

meðferð einkamála. Þess skal getið að með tveimur úrskurðum, sem kveðnir voru upp sama dag, hafnaði dómurinn kröfu stefndu um frávísun málsins.

Ekki er uppi ágreiningur um að kröfur stefnanda séu fyrir hendi og að þær séu ófyrndar.

Mál þetta er rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 með vísan til ákvæða skuldabréfanna tveggja. Ekki er ágreiningur um það að varnir stefndu rúmist innan heimildar 3. mgr. 118. gr. laga nr. 91/1991.

Engar skýrslutökur fóru fram fyrir dómi við aðalmeðferð málsins.

II

Stefnandi byggir dómkröfu sína á fyrrgreindum skuldabréfum. Fyrri skuldabréfið hafi numið 1.823.912 krónum. Fyrsti gjalddagi lánsins hafi verið 30. júní 2014 en afborganir hafi verið í vanskilum frá 1. mars 2020. Hinn 24. febrúar 2021 hafi bú stefndu verið tekið til gjaldþrotaskipta en þar með hafi lánið allt fallið í gjalddaga, sbr. 99. gr. laga nr. 21/1991. Eftirstöðvar lánsins hafi þá numið 1.203.357 krónum og gjaldfallnar afborganir 285.156 krónum. Stefnandi hafi því lýst kröfu að fjárhæð 1.488.513 krónum í þrotabúið en ekkert hafi fengist greitt upp í hana.

Síðara lánið hafi numið 12.181.273 krónum. Afborganir af því hafi ekki verið hafnar þegar bú stefndu hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Þá hafi eftirstöðvar lánsins numið 16.255.688 krónum. Þessari kröfu stefnanda hafi verið lýst í þrotabúið en ekkert hafi fengist greitt upp í hana.

III

Stefnda byggir á því að eini tilgangur málshöfðunar stefnanda sé að fá staðfest með dómi að ákvæði 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020 eigi við um kröfur stefnanda. Jafnframt leitist stefnandi við að rjúfa fyrningu þannig að nýr 10 ára fyrningarfrestur hefjist vegna kröfunnar, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Til marks um að ekki sé annar tilgangur með málshöfðuninni sé sú staðreynd að bein aðfararheimild sé í skuldabréfunum tveimur.

Fyrrgreint ákvæði 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020 eigi ekki við um kröfur stefnanda. Skuldabréfin hafi verið gefin út í tíð laga nr. 21/1992 um Lánaþjóf íslenskra námsmanna, þ.e. áður en lög nr. 60/2020 hafi öðlast gildi. Ákvæði 2. mgr. 26. gr. hinna síðastnefndu laga geti ekki gilt afturvirktt um námslán stefndu, enda sé hér um að ræða íþyngjandi lagaákvæði. Slíkum ákvæðum verði ekki beitt gagnvart stefndu nema að uppfylltum þröngum skilyrðum og þá að brýn nauðsyn krefji og tekið sé tillit til réttmætra væntinga, jafnræðis og meðalhófs.

Það gengi gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar að mismuna skuldurum eftir tegundum skulda. Auk þess færi afturvirkni ákvæðisins í bága við meginreglur skuldaskilaréttar um jafnræði.

Sú afstaða stefndu að 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020 verði ekki beitt um lán hennar fái stoð í lögskýringargögnum.

Loks eigi 2. og 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. að öllu leyti við um kröfu stefnanda á hendur stefndu. Það komi í hlut stefnanda að sýna fram á að fullnægt sé skilyrðum 3. mgr. um að hann hafi sérstaka hagsmuni af fyrningarslitum og að líkur séu á því að fullnusta fáiast á kröfunni á nýjum fyrningartíma.

IV

Málsatvik eru ágreiningslaus auk þess sem ekki er deilt um fjárhæðir. Eins og áður segir er ekki uppi ágreiningur um að kröfur stefnanda á hendur stefndu séu fyrir hendi og að þær séu ófyrndar.

Í 2. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991 kemur meðal annars fram að þrotamaður beri ábyrgð á skuldum sínum sem fást ekki greiddar við gjaldþrotaskiptin. Hafi kröfu verið lýst við gjaldþrotaskiptin og ekki fengist greidd við þau sé fyrningu slitið gagnvart þrotamanninum og byrji þá nýr tveggja ára fyrningarfrestur að líða á þeim degi sem skiptunum er lokið. Í 3. mgr. 165. gr. segir meðal annars að fyrningu krafna, sem um ræði í 2. mgr., verði aðeins slitið á ný með því að kröfuhafi höfði innan fyrningarfrests mál á hendur þrotamanninum og fái þar dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum gagnvart honum. Slíka viðurkenningu skuli því aðeins veita með dómi að kröfuhafi sýni fram á að hann hafi sérstaka hagsmuni af því að slíta aftur fyrningu, svo og að líkur megi telja á að fullnusta geti fengist á kröfu hans á nýjum fyrningartíma, en að gengnum slíkum dómi gildi almennar reglur um fyrningu hennar.

Í 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020 kemur fram að ákvæði laga nr. 21/1991 um lengd fyrningarfrests og sérreglur þeirra um slit fyrningar gildi ekki um námslán. Stefnda byggir þrátt fyrir þetta á því að um kröfurnar fari eftir ákvæði 165. gr. laga nr. 21/1991. Að mati stefndu þurfi stefnandi þar með að uppfylla tvö fyrrnefnd skilyrði 2. og 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991. Stefnda þrætir ekki fyrir að fyrra skilyrðið sé uppfyllt, enda var málið höfðað innan tveggja ára frá því að skiptum lauk. Hún byggir hins vegar á því að síðara skilyrðið sé ekki uppfyllt. Stefndandi hafi til dæmis ekki sýnt fram á sérstaka hagsmuni af því að slíta fyrningu. Stefndandi hafnar þessum málátilbúnaði alfarið og byggir á því að með vísan til 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020 eigi fyrrgreind skilyrði ekki við um kröfur stefnanda.

Lög nr. 60/2020 öðluðust gildi 26. júní 2020 og komu til framkvæmda 1. júlí sama ár, sbr. ákvæði 37. gr. laganna. Í lögnum er ekki að finna almennt ákvæði um lagaskil, en í athugasemdum með frumvarpi til laganna er mælt fyrir um það að ekki sé

ráðgert að ákvæði V. kafla laganna gildi afturvirkkt. Hið sama segir þar um bráðabirgðaákvæði II með lögunum. Með gagnályktun frá þessu verður að ætla að öðrum ákvæðum laganna, þar með talið 2. mgr. 26. gr. sem er í VI. kafla laganna, hafi verið ætlað að gilda með almennum hætti um gildandi réttarsambönd. Sú ályktun er einnig í samræmi við þá meginreglu að nýjum lögum verður beitt um lögskipti sem undir þau falla þótt til lögskiptanna hafi verið stofnað fyrir gildistöku þeirra, enda ræðst réttarstaða manna af lögum eins og þau eru hverju sinni. Þegar meta þarf hvort efni séu til að víkja frá þeirri meginreglu verður að gæta að því hvort réttarsamband, sem stofnað var til í gildistíð eldri laga, hafi verið fullmótað og komið í endanlegt horf þegar hin nýju lög tóku gildi. Sé með nýjum lögum ekki hróflað við þeim þáttum í myndun réttarsambands eða réttarstöðu sem liðnir voru við gildistöku þeirra verða þau að móta þá þætti réttarsambandsins, sem varða tímann eftir það, þótt þau kunni að hrófla við þeirri réttarstöðu sem ella hefði verið uppi eftir eldri lögum, sbr. dóm Hæstaréttar 7. desember 2011 í máli nr. 614/2011.

Í samræmi við þessa ályktun og í ljósi atvika málsins verður ákvæði 2. mgr. 26. gr. laga nr. 60/2020 beitt um kröfur stefnanda á hendur stefndu. Kröfur stefnanda teljast þar með ekki undirorpnar fyrrgreindum skilyrðum 165. gr. laga nr. 21/1991. Þá er ekki unnt að fallast á það með stefndu að í þessu felist óheimil afturvirkni eða brot gegn 65. gr. stjórnarskrárinnar.

Í samræmi við þessa niðurstöðu ber að fallast á dómkröfur stefnanda, enda er ekki uppi tölulegur ágreiningur í málinu. Verður stefndu því í fyrsta lagi gert að greiða stefnanda 1.488.513 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 140.133 krónum frá 1. mars 2020 til 24. febrúar 2021, en af 1.488.513 krónum frá 24. febrúar 2021 til greiðsludags. Í öðru lagi verður stefndu gert að greiða stefnanda 16.255.688 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 24. febrúar 2021 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila.

Stefnda fékk gjafsókn með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 3. júní 2022. Gjafsóknarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, sem þykir hæfilega ákveðin 950.000 kr., án tillits til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Stefan A. Svensson lögmaður.

Af hálfu stefndu flutti málið Björn Jóhannesson lögmaður.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefnda, A, greiði stefnanda, Menntasjóði námsmanna, í fyrsta lagi 1.488.513 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 140.133 krónum frá 1. mars 2020 til 24. febrúar 2021, en af 1.488.513 krónum frá 24. febrúar 2021 til greiðsludags. Stefnda greiði stefnanda í öðru lagi 16.255.688 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 24. febrúar 2021 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, Björns Jóhannessonar, 950.000 krónur.

Arnaldur Hjartarson